

Hafnarfjörður  
Grunnskólar Hafnarfjarðar  
Skólanámskrá

VIRÐING - VELLÍÐAN - VIRKNI



# 10. bekkur

## Skólanámskrá Öldutúnsskóla



Skólaárið 2024 - 2025

Skólanámskrá Öldutúnsskóla.

Útgefin 2024

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Útgáfustaður:** Hafnarfjörður.

**Ábyrgð:** Margrét Sverrisdóttir, skólastjóri.

**Útgefandi:** Öldutúnsskóli  
Öldutún 9  
220 Hafnarfjörður

netfang: [oldtunsskoli@oldtunsskoli.is](mailto:oldtunsskoli@oldtunsskoli.is)

veffang: <http://www.oldtunsskoli.is>



**EFNISYFIRLIT**

1	Skólastarf 10. bekkjar	4
1.1	Samantekt kennslu í 10. bekk	5
1.2	Áherslur grunnþátta menntunar í 10. bekk	6
1.3	Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 10. bekk	8
1.4	Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf	9
1.5	Námsmat og vitnisburðarkerfi	10
2	Námssvið og námsgreinar	11
2.1	Lykilhæfni	12
2.2	Íslenska	14
2.2.1	Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði	15
2.2.2	Íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál	17
2.3	Erlend tungumál	23
2.3.1	Enska	23
2.3.2	Danska	25
2.4	Náttúrugreinar	28
2.4.1	Eðlis- og efnavísindi	31
2.4.2	Umhverfismennt	32
2.4.3	Erfðafræði	33
2.5	Samfélagsgreinar	34
2.5.1	Jafnrétti og lífsleikni	37
2.6	Skólaíþróttir	38
2.6.1	Íþróttir	38
2.6.2	Skólasund	40
2.7	Stærðfræði	43
2.8	Upplýsinga- og tæknimennt	46
2.8.1	Miðlamennt og skólasafnsfræði	46
3	Lokaorð	48



## 1 Skólastarf 10. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna á grundvelli uppeldisréttar síns. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs



## 1.1 Samantekt kennslu í 10. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	Talað mál, hlustun og áhorf Lestur og bókmenntir Ritun Málfræði	5
2. Erlend tungumál	Enska Danska og önnur Norðurlandamál	4 3
3. List- og verkgreinar	<i>A Listgreinar:</i> Sviðslistir (dans og leiklist) Sjónlistir (myndmennt) Tónmennt  <i>B Verkgreinar:</i> Heimilisfræði Hönnun og smíði Textílmennt	
4. Náttúrugreinar	Eðlis- og efnavísindi Lífvísindi Umhverfismennt	4
5. Samfélagsgreinar	Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði Jafnrétti og lífsleikni Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	5
6. Skólaíþróttir	Íþróttir Sund	2 1
7. Stærðfræði	Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar Tölur, reikningur og algebra Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	6
8. Upplýsinga- og tækni mennt	Miðlamennt og skólasafnsfræði Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	1
9. Val	Valgreinar	6
Alls		37



## 1.2 Áherslur grunnþátta menntunar í 10. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar eru settar fram í markmiðum

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
<i>HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:</i>	<p>Það er unnið með <i>heilbrigði og velferð</i> í skólanum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>jákvæður skólabragur, SMT og Olweus, bekkjarfundir og reglukennsla, einkunnarorð skólans, virðing, virkni og vellíðan</li> <li>næringarfræðsla</li> <li>áhersla á hreyfingu úti og inni</li> <li>stuðla að andlegri vellíðan og góðum samskiptum</li> <li>efla skilning á eigin tilfinningum og annarra</li> <li>efla sjálfstjórn og sjálfstraust</li> <li>unnið með sjálfsmyndina og jákvæð samskipti meðal jafnaldra og við þá sem eldri eru</li> <li>vinna að jákvæðum samskiptum við foreldra/forráðamenn, starfsfólk skóla og annað fólk í nærsamfélaginu</li> <li>efla vitund um kynheilbrigði</li> </ul>
<i>JAFNRÉTTI:</i>	<p>Það er unnið með <i>jafnrétti</i> út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>koma til móts við þarfir hvers og eins námslega, félagslega og andlega</li> <li>allir fá nám við hæfi</li> <li>kenna nemendum að setja sig í spor annarra</li> <li>að búa nemendur jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, hvort heldur sem er í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi</li> <li>að leggja áherslu á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart fjölbreytileika mannlífsins svo sem, jafnrétti fjölmenningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun</li> </ul>
<i>LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:</i>	<p>Það er unnið með <i>lýðræði og mannréttindi</i> í skólanum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>að læra að setja sig í spor annarra með verkfærum SMT og Olweus</li> <li>hvetja nemendur til að tjá eigin skoðanir og að þeir fái tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið</li> <li>að vinna markvisst að lýðræðislegri kennslu í skólastarfi svo sem hópvinnu, bekkjarfundum, þáttökunámi og samfélagsverkefnum.</li> <li>stuðla að því að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og framkomu og að þeir þekki réttindi sín og skyldur</li> <li>hvetja nemendur til að bera umhyggju og virðingu fyrir fólki, dýrum og umhverfi sínu</li> <li>að fræða um mannréttindi, stjórnsýslu, samfélagsmótun, borgaravitund og manngildi stuðla að hópavinnu</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• auka siðferðisvitund</li> <li>• að efla ábyrgð, gagnrýna hugsun, samvinnu og samábyrgð</li> <li>• nemendur geti valið nám eftir áhugasviði</li> </ul>
<b>LÆSI:</b>	<p>Það er unnið með <i>læsi</i> út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• að efla tölvu- og tæknilæsi</li> <li>• að nemendur læri og geti yfirfært aðferðir við lestur, ritun og hlustun og beitt þeim á fjölbreyttan hátt</li> <li>• auka notkun á bókasafni og upplýsingamennt</li> <li>• að kenna nemendum að vera læsir á umhverfið</li> <li>• efla vitund nemenda á bóklestri sér til gagns og ánægju</li> <li>• efla læsi nemenda svo þeir geti nýtt það á sem fjölbreyttastan hátt, til dæmis við lestur, ritun, lesskilning, hlustun, talnalæsi, upplýsingalæsi, menningarlæsi og fleira.</li> </ul>
<b>SJÁLFBÆRNI:</b>	<p>Það er unnið með <i>sjálfbærni</i> út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Öldutúnsskóli vinnur út frá sjö skrefum Grænánans</li> <li>• stuðla að aukinni umhverfisvitund með því að efla þekkingu og skilning á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs</li> <li>• gera sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temja sér lífsvenjur sem stuðli að heilbrigði jarðar og jarðarbúa</li> <li>• skila umhverfinu í ekki lakari ástandi til komandi kynslóða en við tókum við því</li> <li>• takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni</li> <li>• stuðla að áhuga og vilja til þess að nemendur taki þátt samfélaginu</li> <li>• kenna neytendafræðslu og fjármálalæsi</li> </ul>
<b>SKÖPUN:</b>	<p>Það er unnið með <i>sköpun</i> út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• stuðla að frumkvæði einstaklingsins</li> <li>• stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi</li> <li>• móta viðfangsefni og miðla þeim, eftir eigin sýn</li> <li>• nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og að nemendur verði virkir þátttakendur í náminu</li> <li>• nýta eigin ímyndunarafli í verkefnavinnu</li> <li>• byggja á eigin reynslu og byggja ofan á hana</li> <li>• nemendur læri að taka ábyrgð á eigin námi og beri virðingu fyrir verkum sínum og annarra</li> </ul>



### 1.3 Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 10. bekk

#### ***i. Kennsluaðstæður***

10. bekkur skiptist í tvo bekki, J og K. Hver bekkur er með sinn umsjónarkennara. Heimastofur bekkjanna eru í D álmu. Kennsla fer fram í mörgum stofum þar sem nemendur sækja tíma hjá faggreinakennurum. Tækjakostir eru 1:1 spjaldtölvur og aðgangur að upplýsingaveri og lyklaborðum.

#### ***ii. Kennsluáætlanir***

Kennsluáætlanir í hverri námsgrein eru gerðar fyrir hvora önn. Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á Google Classroom síðu hvers fags og á *Mentor*.

#### ***iii. Náms- og kennslugögn***

1:1 spjaldtölvur, aðgangur að upplýsingaveri og lyklaborðum. Í hverri kennslustofu er skjávarpi, ritföng, bækur og annað sem nemendur þurfa í kennslu.

<i>Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar).</li> <li>• Aðgangur að tölum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum auk spjaldtölva.</li> <li>• Hjálpargögn s.s. fyrir stærðfræði, íslensku og önnur fög.</li> </ul>
<i>Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennslugögn eru til staðar í skólanum fyrir hvert barn.</li> </ul>





## 1.4 Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf

- Mikilvægt er að gagnkvæm og virk upplýsingamiðlun sé á milli heimilis og skóla. Tölvupóstur og Mentor.is er notað til að koma upplýsingum um heimanám, seinkomur, hrós, framkomu, nám og framvindu í námi til foreldra. Foreldrar eru hvattir til að koma upplýsingum er varða nám og líðan nemenda til kennara, hvort heldur sem er með tölvupósti, símhringingum eða heimsóknnum í viðtalstíma, eða eftir samráði við kennara.
- Upplýsingar um heimanám eru settar inn á Mentor.is. Foreldrar eru vinsamlega beðnir að fylgjast með heimanámi barna sinna, aðstoða eftir þörfum og minna þau á að skila heimanámi á réttum tíma.
- Reglulega fá foreldrar sendan upplýsingapóst. Þar er sagt frá starfinu í árganginum og látið vita hvað framundan er varðandi nám, heimanám, uppbrot og viðburði.
- Ætlast er til að nemendur klári áætlanir í hverri námsgrein í skólanum en það sem stendur út af klára þeir heima. Einnig geta kennarar lagt fyrir ýmis verkefni sem ætlast er til að nemendur vinni utan skólatíma.
- Tvisvar sinnum yfir veturinn er lestrátak og þurfa nemendur þá að gera skil á lestrinum.
- Heimavinna er í lágmarki og vel ígrunduð þegar hún er. Um er að ræða hefðbundna heimavinnu sem og óhefðbundna.
- Ástundun er send heim mánaðarlega.



## 1.5 Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í tvennt, leiðsagnarmat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum).

Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

### Leiðsagnarmat

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, samræður o.fl., til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri. A.m.k. tvisvar á ári er farið yfir stöðu nemenda á fundi með nemenda foreldra og umsjónarkennara.

### Lokamat

Lokamat hefur þann megintilgang að gefa upplýsingar um árangur náms og kennslu í lok námstíma skólaárs. Matsaðferðir við lokamat ákvarðast af markmiðunum en matið er oftast byggt á skriflegum prófum eða fjölbreyttum lokaverkefnum nemenda. Með lokamati er lögð áhersla á að meta þekkingu og skilning nemenda á námsefninu, hvernig þeim tekst að beita þekkingu sinni og hvernig þeir greina og nota mismunandi aðferðir við ákveðin viðfangsefni. Lokamat sýnir hversu vel nemendum gengur miðað við hæfniviðmið/námsmarkmið árgangsins.



## 2 Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömu leiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.



## 2.1 Lykilhæfni

Lykilhæfni er annar hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda og er óháð einstökum námssviðum eða námsgreinum. Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka almennt ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti og eru þeir nefndir

lykilþættirnir fimm og skal gefið mat, einkunn, fyrir hvern lykilþátt fyrir sig. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok kólaárs.

Það er ákvörðun skóla hvort lykilhæfni sé gefin fyrir árganginn í heild sinni (1x), hvert námssvið (8x) eða hverja námsgrein (um 20x) en alltaf eru sömu viðmiðin notuð.

### a. Hæfniviðmið og matskvarðalýsingar út frá A-D matskvörðum

Fyrir árganginn gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni sem eru sameiginleg fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar auk matskvarða fyrir hvern lykilþátt og eiga við öll námssvið bekkjarnámskrárinnar:

Lykilþættirnir fimm	A	B	C
TJÁNING OG MIÐLUN	<b>Af öryggi</b> myndað og tjáð eigin skoðanir, hugmyndir og tilfinningar í skoðanaskiptum og með ýmsum miðlum. Notað <b>vel</b> hugtök sem tengjast námi og tjáð sig <b>skýrt</b> með fjölbreytum aðferðum og af vandvirkni. Tjáð sig <b>mjög vel</b> um valin málefni.	Myndað og tjáð <b>vel</b> eigin skoðanir, hugmyndir og tilfinningar í skoðanaskiptum og með ýmsum miðlum. Notað hugtök sem tengjast námi og tjáð sig með fjölbreytum aðferðum og af vandvirkni. Tjáð sig <b>vel</b> um valin málefni.	Myndað og tjáð <b>nokkuð</b> eigin skoðanir, hugmyndir og tilfinningar í skoðanaskiptum og með ýmsum miðlum. Notað <b>að einhverju marki</b> hugtök sem tengjast námi og stundum tjáð sig með fjölbreytum aðferðum og af vandvirkni. Tjáð sig <b>að nokkru leyti</b> um valin málefni
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	<b>Af öryggi</b> spurt spurninga og notað mismunandi leiðir við efnistöð og úrlausn verkefna á skapandi hátt. Sett sér viðmið til árangurs og leitað nýrra lausna. Gagnrýnt <b>vel</b> gefnar upplýsingar og fjallað af gagnrýni um afmörkuð viðfangsefni.	Spurt spurninga og notað mismunandi leiðir við efnistöð og úrlausn verkefna á skapandi hátt. Sett sér viðmið til árangurs með leiðsögn og leitað nýrra lausna. Gagnrýnt gefnar upplýsingar og fjallað af gagnrýni um afmörkuð viðfangsefni.	Spurt spurninga og <b>að einhverju leyti</b> notað mismunandi leiðir við efnistöð og úrlausn verkefna. Sett sér viðmið til árangurs með <b>nokkurri</b> leiðsögn og leitað lausna. Gagnrýnt gefnar upplýsingar og fjallað af gagnrýni um afmörkuð viðfangsefni <b>að einhverju leyti</b> .
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	Beitt <b>vel</b> sterkum hliðum sínum í námi og sýnt sjálfstæði vinnubrögð og frumkvæði í námi. Unnið <b>mjög vel</b> í hópi, verið virkur í samstarfi og	Beitt sterkum hliðum sínum í námi og sýnt sjálfstæði vinnubrögð og frumkvæði í námi. Unnið <b>vel</b> í hópi, verið virkur í samstarfi og	Beitt <b>að nokkru</b> sterkum hliðum sínum í námi og sýnt <b>að vissu marki</b> sjálfstæði vinnubrögð og frumkvæði í námi. Unnið <b>nokkuð vel</b> í hópi. <b>Nokkuð</b>



	virkjað aðra til samvinnu. Verið vel meðvitaður um eigin ábyrgð í samstarfi, tekið og gefið uppbyggjandi gagnrýni.	virkjað aðra til samvinnu. Verið meðvitaður um eigin ábyrgð í samstarfi, tekið og gefið uppbyggjandi gagnrýni.	meðvitaður um eigin ábyrgð í samstarfi, tekið og gefið <b>að vissu marki</b> uppbyggjandi gagnrýni.
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	Tamið sér <b>mikla</b> gagnrýni á mismunandi upplýsingar í námi og gert sér <b>vel</b> grein fyrir hvaða miðill hentar hverju sinni í námi. Skilið hvað felst í siðferðilega ábyrgri notkun miðla og nefnt góð dæmi um slíkt.	Tamið sér gagnrýni á mismunandi upplýsingar í námi og gert sér grein fyrir hvaða miðill hentar hverju sinni í námi. Skilið hvað felst í siðferðilega ábyrgri notkun miðla og nefnt dæmi um slíkt.	Tamið sér gagnrýni á mismunandi upplýsingar í námi sér <b>að vissu marki</b> og gert grein fyrir hvaða miðill hentar hverju sinni í námi. Skilið hvað felst í siðferðilega ábyrgri notkun miðla
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	Gert sér <b>vel</b> grein fyrir sterkum hliðum sínum, skilið vel tilgang námsmarkmiða og lagt upp vinnuferli til að fylgja eftir hæfniviðmiði í eigin námi frá upphafi til enda.	Gert sér grein fyrir sterkum hliðum sínum, skilið tilgang námsmarkmiða og lagt upp vinnuferli til að fylgja eftir hæfniviðmiði í eigin námi með leiðsögn frá upphafi til enda.	Gert sér <b>að einhverju leyti</b> grein fyrir sterkum hliðum sínum og <b>stundum</b> skilið tilgang námsmarkmiða. Lagt upp vinnuferli til að fylgja eftir hæfniviðmiði í eigin námi með leiðsögn <b>að einhverju leyti</b> .



## 2.2 Íslenska

## Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir: Viðmið um námshæfni í íslensku	
<i>Talað mál hlustun og áhorf:</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas</li> <li>• Getur gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðlum á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu</li> <li>• Getur nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðli sem hentar</li> <li>• Getur hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert þeim grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni</li> <li>• Getur nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir, og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt</li> </ul>
<i>Lestur og bókmenntir:</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað</li> <li>• Getur notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum</li> <li>• Getur greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða</li> <li>• Getur leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúðverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess</li> <li>• Getur gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því</li> <li>• Getur valið sér efni lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa</li> <li>• Getur lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta</li> <li>• Getur lesið, túlkað og metið íslenskar fornbókmenntir</li> <li>• Getur beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð</li> </ul>
<i>Ritun:</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi</li> <li>• Getur beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar</li> <li>• Getur valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um</li> <li>• Getur tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og færð rök fyrir þeim í rituðu máli</li> <li>• Getur samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun</li> <li>• Getur beitt reglum um rétttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda</li> </ul>
Málfræði:	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess</li> <li>• Getur áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra</li> <li>• Getur notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðgað mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni</li> <li>• Getur gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna</li> <li>• Getur áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíði, í orðaleikjum og skáldskap</li> </ul>

### 2.2.1 Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði

Tímafjöldi: 5 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

#### **i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Lestur, lestraraðferðir og lesskilningur
- Ólíkar textategundir og markmið texta
- Ólíkir bókmenntatextar (smásögur, skáldsögur, ljóð, þjóðsögur og fornsaga)
- Bókmenntahugtökin sögumaður, persóna, söguvið, atburðarás, ris, minni, ljóðstafir, ljóðmælandi, myndmál
- Ritun og ritunaraðferðir
- Textar nemenda
- Orðaforði, merking, margræðni, samheiti/andheiti, orðasmíði
- Stafsetningarreglur
- Merkingar- og beygingareinkenni orðflokka

#### **ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Koru saga
- Gullvör
- Málfinnur



- Finnbjörg
- Íslenskar kvikmyndir
- Heimir
- Stafsetningarverkefni
- Ýmislegt efni af netinu
- Verkefni frá kennara
- Gísla saga
- Neistar
- Logar
- Kveikjur
- Sterk
- Kyrrþey

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

- Áhersla er lögð á að nemendur axli ábyrgð á eigin námi, sýni sjálfstæði við alla vinnu og beiti gagnrýnni hugsun.
- Helstu kennsluaðferðir eru sýnikennsla, umræður, skrifleg verkefni, skapandi skrif, vinnubókarvinna, hópverkefni, framsögn og rafræn verkefni á spjaldtölvu.
- Verkefni eru ýmist ætluð fyrir einstaklingsvinnu eða hópvinnu.
- Heimavinna: daglegur lestur og fylgja kennsluáætlun.

#### Heimalestur:

Nemendur velja sér bók til lestrar að lágmarki tvisvar sinnum á hvorri önn. Nemendur halda utan um lesturinn með rafrænni Google Slides lestrardagbók. Í dagbókinni má finna ýmsar opnar bókmenntasurningar, t.d. sjónarhorn sögumanns, ytri/innri tíma og fleira.. Nemendum er frjálst að skreyta bókina að vild, bæta við eigin vangaveltum og fleiru. Að lestri loknum skilið þið lestrardagbókinni í skilahólf á Google Classroom og veljið næstu bók.

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

- Nemendur halda til haga öllum verkefnum sem þeir vinna og þau eru síðan metin til einkunnar. Verkefnum er skilað rafrænt á Google Classroom eða útprentuðu til kennara.
- Námsmatsverkefni skiptast í einstaklingsverkefni s.s. ritunarverkefni, lestrardagbók og málfræðivinnubók og samvinnu- og bókmenntaverkefni
- Námsmat: leiðsagnarmat yfir veturinn og lokamat að vori í því námsefni sem kennt er yfir veturinn.
- Einkunnir eru gefnar í bókstöfum eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.
- Vægi hvers námsþáttar er eftirfarandi:
  - **Bókmenntir 60%**
    - *Korku saga* 20% :
    - *Bókaklúbbur* 20%:
    - *Gísla saga* 20% :
  - **Málfræði 10%**
    - *Próf í orðflokum* 10%
  - **Heimildaritgerð 20%**
  - **Heimalestur, lesskilningur, ljóð og önnur verkefni 10 %**





## 2.2.2 Íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

### Viðmið um námshæfni í íslensku sem annað tungumál

Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum skólastigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda.

Íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eru að ná tökum á íslensku og eiga ekki íslensku að móðurmáli. Gera má ráð fyrir að nemendur fylgi hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í tvö til fjögur ár. Eftir það fylgja þeir aðalnámskrá í íslensku samkvæmt aldurstengdum viðmiðum.

Foreldrar bera ábyrgð á að styðja við íslenskunám barna sinna og að rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku fjölbreyttri. Hópur nemenda sem stundar nám í íslenskum skólum og lærir íslensku sem annað tungumál er fjölbreyttur. Ýmislegt getur haft áhrif á íslenskunámið sem nauðsynlegt er að taka mið af: Bakgrunnur hópsins er ólíkur, móðurmál eru mismunandi og reynsla af fyrri skólagöngu mismikil. Menningarbakgrunnur nemendanna er fjölbreyttur og hver einstaklingur hefur sinn sérstaka persónuleika, áhugasvið, þekkingu og námsgetu. Aðrir þættir sem geta skipt máli eru tilfinningaleg líðan, stuðningur heimilis, væntingar, áhugavöt og hversu mikið nemandi leggur sig fram.

Áföngunum er skipt niður í stig sem miðast við færni í íslensku við lok hvers stigs.

Forstigi er fyrir nemendur með litla sem enga þekkingu á íslensku tungumáli, þá sem eru ólæsir á móðurmáli sínu þekkja ekki latneskt stafróf eða þurfa sérstaka þjálfun í íslenskum máhljóðum og að tengja þau við rittáknin. Áherslan er á lestur og íslenskt hljóðkerfi á þessu stigi. Þær hæfnilýsingar sem eiga við forstigi eru þau viðmið sem unnið skal að. Að loknu forstigi er miðað við að nemendur nái hæfni sem lýst er á 1. stigi að því gefnu að hæfniviðmiðum forstigs sé náð.

1. stig er fyrir nemendur sem teljast byrjendur í íslensku en eru vel læsir í móðurmáli, þekkja latneskt letur og eiga auðvelt með að tileinka sér íslensk máhljóð og íslensk rittákn. Áhersla er á grunnorðaförða, grunnþekkingu í íslenskri málfræði, einfaldar ritunaræfingar, mikinn lestur og hlustun auk markvissrar talþjálfunar í almennu, daglegu tali.

2. stig er þegar nemendur orðnir nokkuð færir í munnlegri tjáningu og hafa daglegan orðaförða nokkurn veginn á valdi sínu. Mikil orðaförðasöfnun á sér stað á þessu stigi og málfræðinotkun eflist samhliða. Kröfur um hæfni í rituðu máli aukast og áhersla er lögð á námsorðaförða eftir því sem kostur er. Nemendur fylgja aðlöguðum námsáætlunum í öllum bóklegum greinum.

Á 3. Stigi eru nemendur komnir með góðan grunn í íslensku og geta einbeitt sér að því að safna orðaförða og þróa færni sína í námstengdri málnotkun á breiðum grunni á öllum hæfnisviðum. Þegar nemendur hafa náð þeirri hæfni sem lýst er á þriðja stigi eiga þeir að geta fylgt almennum aldurstengdum viðmiðum og námsáætlunum í öllum bóklegum greinum en með stuðningi ef þarf.

Nemendur geta verið staddir á ýmsum stigum óháð aldri.

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í íslensku sem annað tungumál (forstigi)
Skilningur – hlustun:	<p>Nemandi við lok stigs:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt, s.s. einfaldar spurningar og svör.</li> <li>• Skilur mjög einfaldar leiðbeiningar með stuðningi mynda, látbragðs o.fl.</li> <li>• Greinir einstök orð og tölustafi sem kenndir hafa verið í einföldu hljóð- og myndefni.</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilur grunnorðaförða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.</li> </ul>
<i>Skilningur- lestur:</i>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tengir íslensk máhljóð við rittákn þeirra. Byrjar að þjálfra sig í umskráningu og nær byrjunarfærni í lesfimi.</li> <li>Getur lesið og skilið einföld orð og einfaldar lykilsetningar sem honum hafa verið kenndar og eru algengar eða eru studdar myndefni.</li> <li>Nýtir sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða.</li> <li>Getur lesið mjög einfalda texta með stuðningi t.d. mynda.</li> </ul>
<i>Tjáning – Talað mál, samskipti og frásögn:</i>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.</li> <li>Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga.</li> <li>Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.</li> <li>Kann grunnorðaförða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.</li> <li>Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni.</li> <li>Getur stafað nafnið sitt og gefið upp símanúmer.</li> </ul>
<i>Tjáning – Ritun:</i>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Getur skrifað íslenska stafrófið eftir fyrirmynd.</li> <li>Þekkir íslenska ritátt.</li> <li>Getur afritað orð og setningar.</li> <li>Getur skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært.</li> <li>Getur skrifað nafnið sitt.</li> <li>Getur teiknað röð mynda og með aðstoð skrifað stök orð eða setningar til að lýsa því sem er að gerast á myndunum (t.d. einföld dagbók).</li> </ul>
<b>Efnispættir:</b>	<b>Viðmið um námshæfni í íslensku sem annað tungumál (stig 1)</b>
<i>Skilningur – hlustun:</i>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan, skólann, fjölskylduna og áhugamál ef talað er hægt og skýrt.</li> <li>Skilur að nokkru leyti leiðbeiningar og það mál sem notað er í kennslustofunni ef talað er hægt.</li> <li>Fylgir meginþræði og greinir upplýsingar í einföldum, kunnuglegum frásögnum með sjónrænum stuðningi og orðaförða sem hefur verið kenndur</li> <li>Skilur grunnorðaförða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima</li> </ul>
<i>Skilningur- lestur:</i>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Þekkir íslenska stafrófið og íslensku máhljóðin.</li> <li>Getur lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar.</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýtir sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða.</li> <li>Getur lesið og skilið einfalda texta af nokkurri lipurð.</li> </ul>
<i>Tjáning – Talað mál, samskipti og frásögn:</i>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.</li> <li>Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga.</li> <li>Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.</li> <li>Kann grunnorðaförða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.</li> <li>Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni.</li> <li>Getur með takmörkuðum orðaförða lýst hlut eða mynd með því að hafa undirbúið sig fyrir fram.</li> </ul>
<i>Tjáning – Ritun:</i>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Getur skrifað stök orð og einfaldar setningar um sjálfan sig.</li> <li>Getur skrifað nafn sitt, heimilisfang og nafn skólans.</li> <li>Getur skrifað orð og orðasambönd til að lýsa hversdagslegum hlutum (t.d. lit eða stærð).</li> <li>Getur skrifað einfaldar setningar til að lýsa atburðum í myndasögu.</li> <li>Getur fært dagbók sem lýsir daglegum athöfnum, fólki og stöðum í stuttum setningum.</li> <li>Hefur grunnþekkingu á íslenski málfræði og beitir henni í ritun.</li> </ul>

<b>Efnisþættir:</b>	<b>Viðmið um námshæfni í íslensku sem annað tungumál (stig 2)</b>
<i>Skilningur - hlustun:</i>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skilur dagleg samtöl, og umræður sem tengjast kunnuglegum aðstæðum einkum ef talað er skýrt.</li> <li>Skilur nákvæmar leiðbeiningar og fyrirmæli tengd námsgreinum.</li> <li>Skilur helstu atriði í kynningum, fræðslu og útskýringum með sjónrænum stöðum og skýrum dæmum.</li> <li>Hefur öðlast grunnskilning á mikilvægum orðaförða námsgreina, þ.e. orðaförða á 2. og 3. þrepi (t.d. í náttúru- og samfélagsgreinum).</li> </ul>
<i>Skilningur - lestur:</i>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Getur lesið og skilið texta almenns eðlis með orðaförða sem kemur oft fyrir í námi í skólanum.</li> <li>Getur lesið og skilið texta úr námsefni með stuðningi lykilhugtaka, orðalista, mynda og annarra hjálpargagna.</li> <li>Getur getið sér til um merkingu einstakra orða út frá samhengi og áætlað merkingu setningar, ef hann þekkir efnið sem um ræðir.</li> <li>Getur fylgt söguþræði í stuttum sögum og frásögnum á einföldu máli.</li> </ul>



<p><i>Tjáning – Talað mál, samskipti og frásögn:</i></p>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur tekið þátt í flestum daglegum samtölum án mikils stuðnings.</li> <li>• Getur spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð og setningar úr námsefninu og átt samskipti við samnemendur um námsefnið.</li> <li>• Getur sagt frá áætlunum, venjum, daglegum athöfnum, liðnum atburðum og persónulegri reynslu.</li> <li>• Getur flutt undirbúna kynningu um efni sem hann þekkir vel og svarað spurningum áheyrenda en gæti þurft að biðja um endurtekningu.</li> <li>• Getur auðveldlega tjáð sig um það sem honum líkar/mislíkar</li> <li>• Getur lýst fólki, stöðum og hlutum á einfaldan hátt.</li> </ul>
<p><i>Tjáning – ritun:</i></p>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur skrifað einfalda texta sem tengjast daglegum athöfnum, persónulegum högum, líðan, áhugamálum og viðhorfum með stuðningi hjálpargagna.</li> <li>• Getur skrifað stuttar lýsingar á atburðum, fyrri viðfangsefnum og reynslu.</li> <li>• Getur svarað spurningum tengdum náminu skriflega með viðeigandi stuðningi orðalista og lykilorðavinnu.</li> <li>• Getur búið til stutta kynningu í skýrslu eða á veggspjaldi um efni tengt náminu með myndum og stuttum textum.</li> <li>• Getur skrifað stuttar, einfaldar frásagnir, t.d. inngang að sögu eða framhald af sögu með stuðningi hjálpargagna.</li> <li>• Hefur grunnþekkingu í íslenskri málfræði og beitir henni í ritun.</li> </ul>
<p><b>Efnispættir: Viðmið um námshæfni í íslensku sem annað tungumál (stig 3)</b></p>	
<p><i>Skilningur-hlustun:</i></p>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilur nokkuð auðveldlega daglegar samræður í tengslum við áhugasvið og annað í kunnuglegu umhverfi.</li> <li>• Skilur megininntak í umræðum og fræðslu um viðfangsefni ýmissa námsgreina.</li> <li>• Skilur megininntak kynninga og fræðslu í ýmsum námsgreinum og efni í fjölmiðlum sem höfðar til hans og er á skýru máli.</li> <li>• Er kominn með nokkuð góða þekkingu á námsorðaforða á 2. og 3. þrepi, til skilnings sem samsvarar aldri barnsins og því sem gera má ráð fyrir að jafnaldrar hafi þekkingu á.</li> </ul>
<p><i>Skilningur - lestur:</i></p>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur fylgt meginhugmynd og rökum í texta almenns eðlis og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi texta.</li> <li>• Getur lesið texta námsbókanna með viðeigandi stuðningi (orðalista, orðabóka og mynda).</li> <li>• Getur fundið lykilupplýsingar í texta og safnað upplýsingum úr ýmsum textahlutum til að leysa verkefni.</li> <li>• Getur lesið einfaldar skáldsögur í fullri lengd.</li> </ul>
<p><i>Tjáning – talað mál, samskipti og frásögn:</i></p>	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur tekið þátt í tiltölulega löngum samtölum um efni sem er til umræðu ef viðmælandi gerir sér far um að sýna skilning og koma til móts við nemandann.</li> <li>• Getur tekið þátt í umræðum um viðfangsefni hinna ýmsu námsgreina.</li> <li>• Getur tekið þátt í samræðum um áhugamál og frístundir í raun- og netheimum, tjáð skoðanir og rökstutt þær.</li> <li>• Getur útbúið og flutt kynningu á efni sem hann þekkir og svarað spurningum ef þær eru orðaðar skýrt.</li> <li>• Getur að mestu tjáð skoðanir sínar á skýran hátt.</li> <li>• Getur sagt í smáatriðum frá atburðum, viðbrögðum við þeim og lýst reynslu.</li> </ul>
Tjáning – ritun:	<p><i>Nemandi við lok stigs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur skrifað samfelldan texta um margvísleg efni og tengt efnisgreinar í línulega, rökrétta heild með viðeigandi tengiorðum, (þótt textinn sé ekki málfræðilega réttur).</li> <li>• Getur skrifað óformlegan og formlegan texta t.d. á samfélagsmiðlum. Getur hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang.</li> <li>• Getur tjáð skriflega skoðun sína á námsefni, kvikmyndum, bókum eða sjónvarpsþáttum með viðeigandi orðaforða.</li> <li>• Getur skrifað námsritgerðir og notar námsorðaforða með viðeigandi stuðningi orðalista og orðabóka.</li> <li>• Getur gert grein fyrir reynslu, lýst tilfinningum og viðbrögðum í samfelldum texta. Getur skrifað samfellda sögu, með upphafi, atburðarás og sögulokum.</li> <li>• Hefur öðlast breiðan grunn í íslenskri málfræði og beitir henni í ritun.</li> </ul>

Tímafjöldi: 4 - 6 kennslustundir á viku að jafnaði yfir skólaárið.

### ***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Hlustun og skilningur
- Talað mál og framburður
- Samtöl og tjáning
- Lestur og bókmenntir
- Stafsetning
- Ritun
- Samvinna og gagnanotkun

### ***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Stuðst er við skjöl (Flokkun námsefnis fyrir ÍSAT nemendur) frá Menntamálastofnun. Valin verkefni af vef þegar námsgögn og kennsluefni eru valin.

### ***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

- Kennslan er einstaklingsmiðuð og nemendur fá stuðning við að læra íslensku út frá eigin forsendum.
- Kennslan fer að mestu leiti fram í litlum hóp eða sem einstaklingskennsla.



**iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

- Verkefnavinna og frammistaða í tímum metin yfir skólaárið.
- Notast er við leiðsagnarmat og nemendum er gefin lokaekunn í íslensku sem öðru tungumáli hafi þeir fylgt viðmiðum um hæfni samkvæmt hæfnirömmum aðalnámskrár grunnskóla í íslensku sem öðru tungumáli.
- Hafa verður í huga að hæfnirammarnir miða ekki að aldri nemenda heldur stöðu þeirra í íslensku.



## 2.3 Erlend tungumál

### Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

#### 2.3.1 Enska

<i>Hlustun:</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur skilið talað mál á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með.</li> <li>• Getur skilið efni þar sem hlustun og myndefni tengist.</li> <li>• Getur gert sér nokkra grein fyrir óformlegu og formlegu máli.</li> <li>• Getur greint nokkuð nákvæmar upplýsingar, s.s. tilkynningar og skilaboð í verslunum og á veitingastöðum og upplýsingar um ferðalög.</li> </ul>
<i>Lesskilningur</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla.</li> <li>• Getur skilið auðlesna texta sér til gagns og ánægju.</li> <li>• Getur leitað sér upplýsinga, t.d. í handbókum.</li> <li>• Getur lesið sér til fróðleiks eftir áhugasviðum.</li> <li>• Getur lesið nákvæmlega eða hraðlesið eftir þörfum.</li> <li>• Getur lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.</li> </ul>
<i>Samskipti:</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel.</li> <li>• Getur skilið og notað algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisisvenjur.</li> <li>• Getur tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</li> <li>• Getur bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verlsunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.</li> </ul>
<i>Frásögn:</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.</li> <li>• Getur skrifað og talað um samfellda, styttri texta sem tengjast viðfangsefnum í námi.</li> <li>• Getur skrifað sögur, frásagnir, texta við myndasögur, endursagnir.</li> <li>• Getur samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul>



<i>Ritun:</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir.</li> <li>• Getur verið meðvitaður um samhengi í textanum og noti algengustu tengiorð.</li> <li>• Getur skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi samfellda, styttri texta sem tengjast viðfangsefnum í námi.</li> <li>• Getur skrifað sögur,frásagnir,texta við myndasögur, endursagnir</li> <li>• Getur tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.</li> </ul>
<i>Menningar- læsi:</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu</li> <li>• Getur sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins.</li> </ul>
<i>Námshæfni:</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og lagt mat á eigin hæfni til náms.</li> <li>• Getur beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi kennara.</li> </ul>
<i>Málfræði:</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur beitt málfræðireglum í rituðu og töluðu máli.</li> <li>• Þekkir reglulega og óreglulega fleirtölu nafnorða.</li> <li>• Þekkir notkun -much, many, a lot, lots of.</li> <li>• Þekkir notkun óákveðna greinisins a/an og ákveðinn greini „the“.</li> <li>• Þekkir fornöfn/tengifornöfn sem og einfalda nútíð og nútíð/framhaldssögn.</li> <li>• Þekkir einfalda þátíð og þátíð/framhaldssögn.</li> <li>• Þekkir hjálparsagnir (modals),</li> <li>• Þekkir tíðir sagna,-nútíð, þátíð, núliðin tíð, þáliðin tíð, framtíð.</li> <li>• Þekkir hjálparsagnirnar must, may, might, shall, will, should, would, og notkun þeirra.</li> <li>• Þekkir lýsingarorð og þjóðerni, tengiorð/samtengingar sem og skilyrtar setningar.</li> </ul>

Tímafjöldi: 4 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### ***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Ritun-nútíð/þátíð, orðaforði, lesskilningur ,hlustun, frásögn
- Töluorð, kennimyndir óreglulegra sagna,
- Málfræði: nafnorð-regluleg fleirtala, nafnorð – óregluleg fleirtala, óákveðinn greinir a-an, spurnarorð, úrfellingarmerki, persónufornöfn, eignarfornöfn, ábendingarfornöfn, tilvísunarorð, stigbreyting lýsingarorða , to be- að vera, to have – að eiga, nútíð sagna, reglulegar sagnir í þátíð, óreglulegar sagnir í þátíð, núliðin tíð, hjálparsögnin do, framtíð.

### ***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:





- Spotlight 10 les-og vinnubók
- Ítarefni frá kennara, m.a. aukaverkefni tengd málfræði, orðaforða og sagnorðum.
- Lesefni með verkefnum.
- google umhverfið:
- Slides
  - forms
  - Canva
  - keynote
- short writing tasks
- Crime never pays - short stories
- Stories - mms.is - lestextar á ensku ásamt verkefnum.
- newsela.com - gagnvirkur lestrarvefur á ensku
- history.com
- nationalgeographic.com
- youtube tenglar o.fl

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Bein kennsla, innlögn á töflu, upplestur á texta, hlustunaræfingar, framburðaræfingar, talæfingar, hópverkefni, einstaklingsverkefni, umræður, kynningar o.fl

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Námsmatið byggir á eftirfarandi:

- Orðaforðapróf - haust 10%, lesskilningur - haust 10%, málfræði - haust 10%,frásögn - haust 10%, tímaritun - haust 10%
- Orðaforðapróf - vor 10%, lesskilningur – vor 10%, málfræði - vor 10%, frásögn - vor 10%, tímaritun - vor 10%

## 2.3.2 Danska

### Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs:

Hæfniviðmiðum í erlendum tungumálum er skipt í þrjú stig. Stigin eru yfirviðmið sem útfærð eru fyrir hvern nemendahóp hverju sinni. Tekið er mið af Evrópska tungumálarammanum og miðað við að þorri nemenda hafi náð hæfni á 3. stigi við lok grunnskóla.

Hæfniþættir:	Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum
Hlustun:	<p>Nemandi við lok árgangs:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.</li> <li>• Getur, án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.</li> <li>• Getur hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.</li> </ul>



<i>Lesskilningur:</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.</li> <li>• Getur fundið lykilupplýsingar í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.</li> <li>• Getur lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.</li> <li>• Getur skilið megininntak í stuttum aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla. Með stuðningi til dæmis af myndum.</li> </ul>
<i>Samskipti</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.</li> <li>• Getur tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda</li> </ul>
<i>Frásögn</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.</li> <li>• Getur greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar og mynda.</li> <li>• Getur flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.</li> <li>• Getur flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem nemandinn hefur haft tækifæri til að æfa.</li> <li>• Getur sagt auðveldlega frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.</li> </ul>
<i>Ritun</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur skrifað texta af mismunandi gerðum með stuðningi t.d. gátlista, tónlistar og mynda.</li> <li>• Getur leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.</li> <li>• Getur skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.</li> <li>• Getur tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.</li> </ul>
<i>Menningarläsi</i>	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.</li> <li>• Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.</li> </ul>
<i>Námshæfni</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"><li>• Getur beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.</li><li>• Getur nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.</li></ul>
--	--

Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### ***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Lestur, ritun, hlustun, talað mál, leikir, tónlist, textar, myndbönd, barna- og unglingafréttæfni, sjónvarpsþættir og kvikmyndir

### ***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Notast verður við kennslubækur (EKKO), þ.e. vinnubók og lesbók. Það verður einnig notast við blaðgreinar, verkefni úr bókinni Bordbombe, spil, leiki og efni af vefsíðum með samþykktu námsefni. Það verður einnig notast við myndefni sem hæfir unglingastigi. Lesnir textar, málfræði, myndbandsgerð (einstaklings og í hópum), myndbönd, tónlist og annað efni frá kennara

### ***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

Unnið er með alla færniþætti tungumálsins (hlustun, lestur, orðaforða, ritun og talað mál), þemaverkefni. Leitast verður við að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og lögð verður áhersla á hlustun, auka við orðaforða og þar með lesskilning á einföldu máli og kynnast enn frekar danskri menningu.

### ***iv. Námsmat og námsmatsaðlögun***

Nemendur fá einkunn í lok hvorrar annar. Námsmatið mun ná til allra færniþátta fyrir 9. bekk og endurspeglar hæfniviðmiðin. Hæfniviðmið eru tengd inn á verkefni, vinnu nemenda og prófa. Notast verður við leiðsagnarmat að einhverju leiti, þar sem nemendur munu fá tækifæri að bæta árangur sinn í ákveðnum hærniþáttum, í gegnum skólaárið. Það verður einnig notast við lokamat í tilteknum þáttum námsins.



## 2.4 Náttúrugreinar

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt en mikilvægt er að flétta efnið saman þannig að námsefnið myndi samstæða heild. Nám í náttúrugreinum tekur mið af grunnþáttum menntunar; sjálfbærni, heilbrigði, læsi og sköpun.

Lögð er áhersla á að stuðla að jákvæðum viðhorfum nemenda til náttúruvísinda, að þeir geti lesið texta um náttúruna sér til gagns og verði læsir á nærumhverfi sitt. Nemendur fá þjálfun í vinnubrögðum við leit að skýringum og lausnum, við framkvæmd athugana og við mat á niðurstöðum. Mikilvægt er að nemendur framkvæmi einfaldar athuganir og fái með því tækifæri til að upplifa og draga ályktanir af upplifun sinni. Þessar athuganir fara fram í skólafunni, nánasta umhverfi skólans og á söfnum.

Hlutverk náttúrufræðikennara er að leiða nemendur sína inn í heima náttúruvísindanna með því að kynnast hugmyndum þeirra og hæfni og komast þannig að raun um hvernig þeir hugsa og hvar þeir eru staddir. Hlutverk kennarans er því fólgið í að hjálpa nemandanum annars vegar að þróa hugtök sín og hugmyndir um lífið og efnisheiminn og hins vegar að öðlast hæfni til að láta sig varða eigin velferð og annarra og umhverfisins nær og fjær. Þetta er gert með fjölbreyttum kennsluháttum og námsmati sem styður nemandann í að átta sig á eigin stöðu og hvetur hann til að taka ábyrgð á eigin námi. Þannig fá nemendur í gegnum kennslu og námsmat tækifæri til að verða meðvitaðir um eigin hæfni og sýna hana í verki.

### Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

<b>Vinnulag náttúru-vísinda</b>	<b>Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum</b>
<i>Hugtök</i>	<i>Nemandi við lok árgangs:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>-beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður</li> </ul>
<i>Læsi á gögn og náttúruvísindatexta</i>	<i>Nemandi við lok árgangs:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>lesið þyngri náttúruvísindatexta sér til gagns og endursagt og rætt helstu atriði, lesið út úr myndritum og myndefni um náttúrufræði sér til gangs, umorðað, túlkað og sett í margvíslegt samhengi</li> </ul>
<i>Athuganir</i>	<i>Nemandi við lok árgangs:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá athugunum og mælingum úti og inni, samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum</li> </ul>
<i>Miðlun</i>	<i>Nemandi við lok árgangs:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>kynnt niðurstöður rannsókna, útskýrt hvaða vinnubrögðum var beitt og tekið þátt í umræðum um efnið</li> </ul>
<i>Vísindaleg vinnubrögð</i>	<i>Nemandi við lok árgangs:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>sett fram vísindalega tilgátu og beitt margvíslegum vísindalegum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingarleit og úrvinnslu verkefna</li> </ul>



<i>Eðli vísindalegrar þekkingar</i>	<i>Nemandi við lok árgangs:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>Sagt frá dæmum um vísindalega þekkingarsköpun í ljósi eðli vísindalegrar þekkingar</li> </ul>
<i>Tengsl vísinda, tækni og menningar</i>	<i>Nemandi við lok árgangs:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>tekið þátt í umræðu um hvernig náttúruvísindi bæði móta og mótast af tækni, menningu og heimsmynd mannsins,</li> </ul>
<b>Umhverfið</b>	<b><i>Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum</i></b>
<i>Hringrásir efna og orku</i>	<i>Nemandi við lok árgangs:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>lýst hringrás efna og orku, náttúrulegum ferlum og flæði orku í náttúrunni,</li> </ul>
<i>Vistkerfi</i>	<i>Nemandi við lok árgangs-tekið í 8. bekk</i>
<i>Náttúruvernd</i>	<i>Nemandi við lok árgangs.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li><i>Fjallað um og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta sem tengjast, náttúruvernd,</i></li> </ul>
<i>Veðurfar</i>	<i>Nemandi við lok árgangs - tekið í 9. bekk</i>
<i>Loftslags- breytingar</i>	<i>Nemandi við lok árgangs.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li><i>útskýrt loftslagsbreytingar, ástæður, afleiðingar og mótvægisáðgerðir</i></li> </ul>
<i>Náttúruauðlindi r og sjálfbær nýting</i>	<i>Nemandi við lok árgangs.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li><i>rert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun og rýnt í eigin neysluvenjur,</i></li> </ul>
<i>Einstaklingurin n og umhverfið</i>	<i>Nemandi við lok árgangs.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li><i>rætt á gagnrýninn hátt tengsl einstaklinga og umhverfismála á heimsvísu</i></li> </ul>
<i>Geta til aðgerða</i>	<i>Nemandi við lok árgangs.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li><i>Tekið þátt í eða skipulagt aðgerðir er varða náttúruvernd og umhverfismál</i></li> </ul>
<b>Lífið</b>	<b><i>Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum</i></b>
<i>Flokkun lífvera</i>	<i>Nemandi við lok árgangs -tekið í 8. bekk</i>
<i>Örverur</i>	<i>Nemandi við lok árgangs - tekið í 8. og 9. bekk</i>
<i>Frumur</i>	<i>Nemandi við lok árgangs -tekið í 8. og 9. bekk</i>
<i>Þróun</i>	<i>Nemandi við lok árgangs - tekið í 8. bekk</i>
<i>Erfðir</i>	<i>Nemandi við lok árgangs.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li><i>Útskýrt hvernig einkenni erfast milli kynslóða</i></li> </ul>



Bygging og starfsemi plantna	Nemandi við lok árgangs -tekið í 8. bekk
Bygging og starfsemi dýra	Nemandi við lok árgangs- tekið í 8. bekk
Líffæri og líffærakerfin	Nemandi við lok árgangs - tekið í 9. bekk
<b>Efnin</b>	<b>Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum</b>
Uppbygging efna	Nemandi við lok árgangs. <ul style="list-style-type: none"> <li>þekkt uppbyggingu frumeinda og sameinda og myndun jóna</li> </ul>
Varðveisla massans	Nemandi við lok árgangs. <ul style="list-style-type: none"> <li>útskýrt varðveislu massa, tengt við hegðun efna og frumeinda-kenninguna</li> </ul>
Lotukerfið	Nemandi við lok árgangs. <ul style="list-style-type: none"> <li>útskýrt uppbyggingu lotukerfisins og tengt við eiginleika efna</li> </ul>
Efnajöfnur	Nemandi við lok árgangs. <ul style="list-style-type: none"> <li>þekkt heiti frumefna og efnasambanda og unnið með þau í efnajöfnum,</li> </ul>
Efnabreytingar og eiginleikar efna	Nemandi við lok árgangs. <ul style="list-style-type: none"> <li>Lýst efnabreytingum og samspili þeirra við hitastig og orku m.a. með efnajöfnum</li> </ul>
Leysni	Nemandi við lok árgangs -tekið í 9. bekk
Sýrustig	Nemandi við lok árgangs - tekið í 9. bekk
<b>Orkan</b>	<b>Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum</b>
Orka	Nemandi við lok árgangs. <ul style="list-style-type: none"> <li>Gert grein fyrir orku í mismunandi formum og tengt við varðveislu orkunnar,</li> </ul>
Nýting orku	Nemandi við lok árgangs. <ul style="list-style-type: none"> <li>Lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku,</li> </ul>
Varmi	Nemandi við lok árgangs- tekið í 9. bekk
Rafmagn og segulmagn	Nemandi við lok árgangs. <ul style="list-style-type: none"> <li>Útskýrt stöðurafmagn og tengsl rafmagns og segulmagns,</li> </ul>
Bylgjur	Nemandi við lok árgangs - tekið í 8. bekk



<i>Gagn og skaðsemi bylgna</i>	<i>Nemandi við lok árgangs- tekið í 8. bekk</i>
<i>Kraftar og hreyfing</i>	<i>Nemandi við lok árgangs.</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Útskýrt helstu kraftalögmál sem verka í daglegu lífi manna</i></li> </ul>
<i>Massi</i>	<i>Nemandi við lok árgangs- tekið í 9. bekk</i>
<i>Þrýstingur</i>	<i>Nemandi á við lok árgangs</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>kunni skil á þrýstingi í föstum efnum, vökvum og lofttegundum</i></li> </ul>
<b>Alheimurinn</b>	<b><i>Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum</i></b>
<i>Jörðin</i>	<i>Nemandi á við lok árgangs- tekið í 8. bekk</i>
<i>Jörðin</i>	<i>Nemandi á við lok árgangs- tekið í 8. bekk</i>
<i>Mótun lands</i>	<i>Nemandi á við lok árgangs</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Útskýrt hvernig land hefur mótast á jarðsögulegum tíma</i></li> </ul>
<i>Tunglið</i>	<i>Nemandi á við lok árgangs- tekið í 8. bekk</i>
<i>Sólkerfið</i>	<i>Nemandi á við lok árgangs- tekið í 8. bekk</i>
<i>Alheim urinn</i>	<i>Nemandi á við lok árgangs- tekið í 8. bekk</i>

#### 2.4.1 Eðlis- og efnavísindi

##### ***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Frumefni og efnasambönd
- Jónir
- Lotukerfið
- Að stilla efnajöfnur
- Rafeindahvolf
- Rafmagn og segulmagn
- Kraft og hreyfingu
- Þrýsting
- Orku og afl
- Orkuöflun mannkyns
- Eðlismassi
- Kjarnaeðlisfræði
- Vísindabyltingin

##### ***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Efnafraeði 1 e. Jóhann Sigurjónsson Kaflar 1 og 4- gildir 20 %
- Eðlisfræði 2 e. Undvall og Karlsson kaflar 1, 2 og 4 – gildir 25 %



- Eðlisfræði 3 e. Undvall og Karlsson Kafli 1 og 2 -gildir 15 %
- Ýmis myndbönd og myndskleið af Netinu
- Lotukerfið
- Ýmis tæki og tól úr raungrainastofu
- Ítarefni frá kennara m.a. um virkjanir

### **iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Hópastarf er mikilvægt í náttúrufræðinámi, þannig að nokkur hluti námsins fer fram í samvinnu nemenda í litlum hópum. Þar vinna þeir verklegt og fá að upplifa saman og ræða viðfangsefnin. Aðrar kennsluaðferðir eru m.a. fyrirlestrar, sýnikennsla, myndmiðlar, vinnubókarkennsla, umræðu- og spurnarkennsla og sjálfstæð, skapandi viðfangsefni. Lögð verður áhersla á virka þátttöku nemenda í umræðum í tímum.

### **iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Símat þar sem beitt er fjölbreyttum námsmatsaðferðum sem gilda til lokaeinkunnar. Dæmi um námsmatsaðferðir eru:

- Kaflakannanir
- Hópa- og samvinnuverkefni
- Tilraunir og dæmablöð
- Kynningar-Jafningjamat
- Heimakannanir
- Lokapróf úr lotunum

## 2.4.2 Umhverfismennt

Verkefni um mikilvægi hreinnar orku, vatnsaflsvirkjanir, jarðvarmavirkjanir, vindmyllur og gildi jökla

### **i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Að nemendur öðlist skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.
- Að nemendur efli skilning sinn náttúruferlum sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður.
- Að nemendur geri sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.
- greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill.
- Að nemendur læri að gera heimildaskrá og vísa rétt til heimilda skv. APA kerfinu

### **ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Eðlisfræði 3 e. Undvall og Karlsson -kafli 2
- Verkefni úr [www.nano.natturutorg.is](http://www.nano.natturutorg.is)
- Myndbönd um raforkuframleiðslu frá Orkuveitu Reykjavíkur





- Vefur Landsvirkjunar
- Vefur Veðurstofu Íslands
- Annað efni frá kennara á vef eða bókum

### **iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Hópastarf er mikilvægt í náttúrufræðinámi, þannig að verulegur hluti námsins fer fram í samvinnu nemenda í litlum hópum. Þar vinna þeir verklegt og fá að upplifa saman og ræða viðfangsefni. Nemendur ljúka þessu verkefni annars vegar með plagati og síðan einnig með glæruverkefni þar sem þeir draga saman upplýsingarnar og flytja fyrirlestur. Verkefnið er jafnframt heimildaverkefni og þarf að gera heimildaskrá og vísa rétt til heimilda miðað við APA kerfið.

### **iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Símat þar sem beitt er fjölbreyttum námsmatsaðferðum sem gilda til lokaekunnar. Dæmi um námsmatsaðferðir eru:

- Hópa- og samvinnuverkefni- Verkefni um virkjanir og kafli 2 í Eðlisfræði 3 -gildir 20% (Kynningar, jafningjamat, mat á glæruverkefni, vísun til heimilda og heimildaskrá, mat á plagati)

#### 2.4.3 Erfðafræði

Verkefni um erfðir og erfðaeefni

### **i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Hvers vegna barn líkist foreldrum sínum
- Hvernig frumurnar vita hvaða prótín þær eiga að smíða
- Hvers vegna sumir sjúkdómar leggjast á marga í sömu ætt
- Hvernig þekking á erfðum getur hjálpað mönnum að uppgötva ný lyf og ný matvæli
- Hvers vegna líffræðileg fjölbreytni er mikilvæg auðlind

### **ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Maður og náttúra e. Fabricius & fl. kafli 4
- Annað efni frá kennara á vef eða bókum

### **iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Hópastarf er mikilvægt í náttúrufræðinámi, þannig að verulegur hluti námsins fer fram í samvinnu nemenda í litlum hópum. Aðrar kennsluáferðir eru m.a. fyrirlestrar, sýnikennsla, myndmiðlar, vinnubókarkennsla, umræðu- og spurnarkennsla og sjálfstæð, skapandi viðfangsefni. Lögð verður áhersla á virka þátttöku nemenda í umræðum í tímum.

### **iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Símat þar sem beitt er fjölbreyttum námsmatsaðferðum sem gilda til lokaekunnar. Dæmi um námsmatsaðferðir eru:

- Námsmatsverkefni – próf úr kafla 4 í Manni og náttúru -gildir 10 %
- Vinnublöð og skýrslur um tilraunir gilda 10 %



## 2.5 Samfélagsgreinar

## Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat

<b>Efnisþættir:</b>	<b>Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum</b>
<b>Reynsluheimur:</b>	<p><b>Nemandi við lok árgangs:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs</li> <li>• aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi</li> <li>• rökrætt mikilvæg hugtök sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni</li> <li>• greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum,</li> <li>• gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta</li> <li>• gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum</li> <li>• útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis</li> <li>• útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn</li> <li>• útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmal, atvinnulíf og hugmyndastefnur,</li> <li>• greint hvernig stjórnmal og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga</li> </ul>
<b>Hugarheimur:</b>	<p><b>Nemandi við lok árgangs:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnmalum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum</li> <li>• beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd</li> <li>• vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmynda og hafi áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt</li> <li>• sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum</li> </ul>
<b>Félagsheimur:</b>	<p><b>Nemandi við lok árgangs:</b></p>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi hvers einstaklings til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,</li> <li>• fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum</li> <li>• rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum</li> <li>• komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,</li> <li>• rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi</li> <li>• útskýrt gildi reglna í samskiptum manna á milli í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur</li> </ul>
--	--

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum. Tímafjöldi: 3 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

#### *i. Viðfangsefni í náminu*

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Hvað er samfélag? Hvernig mótar þú samfélagið og hvernig mótar samfélagið þig
- Skráð og óskráð viðmið og félagslegt taumhald
- Félagsmótun
- Fjölskyldan. Fjölskyldugerðir og áhrif skilnaða
- Menning og samfélag
- Vinna og framleiðsla
- Stjórnmal
- Trúarbrögð
- Alþjóðasamfélagið og mannréttindi
- Ást og kynlíf
- Kynferðisleg áreitni og ofbeldi
- Lýðræði, störf alþingis, kosningafyrirkomulag og stjórnskipan Íslands.
- Lok síðari heimsstyrjaldar og stofnun Sameinuðu þjóðanna
- Upphaf kalda stríðsins og þróun þess
- Lok kalda stríðsins og eftirmálar
- Samfélagsþróun á Íslandi frá miðri 20.öld til okkar daga
- Inngangan í NATO
- Þorskastríðin
- Þróun réttinda launþega og almannatrygginga
- Deilur Ísraels og Palestínu

#### *ii. Námsgögn og kennsluefni*

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Á ferð um samfélagið
- Frelsi og velferð



- Ýmis verkefni frá kennara.
- Youtube og annars konar netefni

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Hópverkefni
- Einstaklingsverkefni (vefsíður, veggspjöld o.fl.)
- Heimalestur
- Umræður (spurt og spjallað)
- Kynningar

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytt verkefnavinna* (Verkefnum er hægt að skila á ólíkan hátt og ekki þurfa allir að gera það eins. Myndbönd, vefsíður, veggspjöld, ritgerðir, leikþættir eru allt vel þekktir miðlar sem hver um sig skapa ólík tækifæri og fjölbreytni, sé ýtt undir notkun sem flestra þeirra.
- *Mismunandi markmið* (Ekki þurfa allir nemendur að hafa sömu markmiðin. Bekkurinn getur haft sameiginlegt viðfangsefni - sameiginlegan námskjarna - en einstakir nemendur eða nemendahópar kafað í það af mismunandi dýpt eða sérhæft sig í einstökum þáttum þess).

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Kaflapróf
- Hópverkefni
- Einstaklingsverkefni (vefsíður, veggspjöld o.fl.)
- Ritgerðir
- Heimalestur
- Umræður (spurt og spjallað)

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Fjölbreytt verkefnavinna* (Verkefnum er hægt að skila á ólíkan hátt og ekki þurfa allir að gera það eins. Myndbönd, vefsíður, veggspjöld, ritgerðir, leikþættir eru allt vel þekktir miðlar sem hver um sig skapa ólík tækifæri og fjölbreytni, sé ýtt undir notkun sem flestra þeirra.
- *Mismunandi markmið* (Ekki þurfa allir nemendur að hafa sömu markmiðin. Bekkurinn getur haft sameiginlegt viðfangsefni - sameiginlegan námskjarna - en einstakir nemendur eða nemendahópar kafað í það af mismunandi dýpt eða sérhæft sig í einstökum þáttum þess).

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Kaflapróf
- Ritgerðir
- Hópverkefni
- Fjölbreytt einstaklingsverkefni



### 2.5.1 Jafnrétti og lífsleikni

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

#### **i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Bekkjarfundir þar sem rætt verður um samskipti, einelti, eineltishringinn, vináttu, málefni líðandi stundar, kurteisi og líðan.
- Bekkjarreglur.
- Skólareglur.
- Sjálfsþekking – hver er ég?
- Tilfinningar og samskipti
- Réttindi og skyldur í samfélagi
- Sagt frá ýmsum hetjum í baráttunni fyrir jafnrétti
- Reynslusögur barna um víða veröld, bæði sannar og skáldaðar.
- Útskýringar á félagsfræðilegum hugtökum sem notuð eru til að skilja jafnréttismál.
- Fjáröflun fyrir útskriftarferð

#### **ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Olweusaráætlunin gegn einelti og andfélagslegu atferli
- Ýmis myndbönd og myndasöfn af vef.
- Allir geta eitthvað, enginn getur allt (valin verkefni).
- Umræður um gildi, dyggðir og lífsviðhorf á bekkjarfundum.
- Samskiptaleikir (frá kennara, á Netinu).

#### **iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Bekkjarfundir
- Bein kennsla
- Umræður
- Samvinnunám
- Verkefnavinna
- Lesefni

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Náms efni tengt við daglegt líf og reynsluheim nemenda.

#### **iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:



## 2.6 Skólaíþróttir

### 2.6.1 Íþróttir

#### Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs:

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum
Heilsa og velferð:	<p>Við lok árgangs geti/hafi nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Gert sér grein fyrir mikilvægi heilbrigðs lífennis og hreinlætis.</li> <li>Haft skilning á grunnreglum leikja og hinna ýmsu íþróttagreina.</li> <li>Þekkt sín eigin takmörk.</li> <li>Læri að nota nærumhverfi sitt til íþróttaiðkunar.</li> <li>Haft þekkingu til að bæta líkamshreysti og þrek.</li> <li>Haft ánægju af að hreyfa sig reglulega.</li> <li>Haft jákvæða upplifun af íþróttaiðkun.</li> <li>Tekið virkan þátt í kennslustundum.</li> </ul>
Hreyfing og afkastageta:	<p>Við lok árgangs geti/hafi nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Notað nærumhverfi sitt til íþróttaiðkunar.</li> <li>Bætt líkamshreysti sitt og þrek.</li> <li>Gert fjölbreyttar styrktaræfingar með eigin líkamsþyngd.</li> <li>Sýnt fram á færni í bæði loftfirrtu og loftháðu þoli í íþróttum.</li> <li>Nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.</li> <li>Haft jákvæða upplifun af íþróttaiðkun.</li> <li>Ánægju af að hreyfa sig reglulega.</li> </ul>
Félgaslegir þættir og samvinna:	<p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp og einstaklingsíþróttum.</li> <li>Tekið þátt í leikjum sem styrkja samskipti og samvinnu.</li> <li>Farið eftir reglum í íþróttum.</li> <li>Sýnt virðingu og góða framkomu og umburðarlyndi gagnvart öðrum.</li> <li>Sett sig í spor annarra.</li> </ul>
Öryggi og skipulag:	<p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Mætt í viðeigandi fatnaði í sund- og íþróttatíma.</li> <li>Tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna.</li> <li>Farið eftir reglum kennara, íþróttahúsa og sundstaða.</li> <li>Brugðist við óvæntum aðstæðum.</li> </ul>

Tímafjöldi: Tvær 40 mínútna kennslustundir að jafnaði á viku yfir heilt skólaár.

#### i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- **Viðfangsefni 1; Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska**
  - Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki
- **Viðfangsefni 2; Rytmiskar leikfimiæfingar**
  - með bolta, hringi, sippubönd, bönd, keilur
  - án smááhalda



- Viðfangsefni 3; **Áhaldafimleikar**
  - Hindranahlaup, gólfæfingar, stökk, sveiflur, klifur, róla sér
- Viðfangsefni 4; **Leikir**
  - Boltaleikir, hlaupa- og viðbragðsleikir, kraftleikir, leiknileikir, samvinnuleikir, hugmyndaleikir, ratleikir
- Viðfangsefni 5; **Frjálsíþróttir**
  - Hlaup, stökk, köst
- Viðfangsefni 6; **Sértækir námsþættir**
  - Skólamót í leikjum, íþróttagreinum, frjálsíþróttum eða sundi, ratleikjamót, skólaþrekmót, gönguferðir, skíðaferðir
- Viðfangsefni 7; **Próf úr grunnþáttum líkams- og hreyfiþroska**
  - X próf þar sem X mismunandi þættir eru prófaðir og einkunn gefin fyrir getu.

## ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- **Námsgagn 1 : Áhöld í íþróttasal**
  - **Minni áhöld:** Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.
  - **Stærri áhöld:** Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.
- **Námsgagn 2 : Áhöld í skóla og á skólalóð**
  - **Minni áhöld:** Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.
  - **Stærri áhöld:** Rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfuspjöld, yfir veggur.

## iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram í:

- **Leið 1: Kennsla í íþróttahúsi**
  - **Íþróttasal**
- **Leið 2: Kennsla utanhúss**
  - **Skólalóð**

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- **Aðferð 1: Kennsluaðferðir**
  - Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaráfingar, námsleikir, stöðvapjálfun, stöðugt þjálfunarálag, spurnaraðferðir, þrautalausnir og þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, leitaraðferðir, kannanir, hópvinubrögð, frásögn og sagnalist, sjónsköpun, hugarflug, leikræn tjáning, sviðsetning, söguaðferð
- **Aðferð 2: Kennsluaðferðir og leiðir**
  - Hljómflutningstæki & myndatafla.

## iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- a. Lykilhæfni:



- **Leið 1: Hreyfing og afkastageta; ( 30% vægi )**
  - Námsmat
    - Verkleg próf (Armbeygjur, kviðæfingar, þolpróf, sprettur, sipp, liðleiki og uppstökk/langstökk)
- **Leið 2: Félagslegir þættir og samvinna; ( 60% vægi )**
  - Námsmat
    - Virkni í kennslustundum
- **Leið 3: Öryggi og skipulag; ( 10% vægi )**
  - Námsmat
    - Viðhorf (Jákvæðni, tillitssemi, virðing og góð hegðun)

## 2.6.2 Skólasund

### Viðmið um námshæfni í skólasundi

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í skólasundi
Heilsa og velferð:	<b>Nemandi við lok árgangs:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur áttað sig á að sundið er góð heilsubót.</li> <li>• Getur haft ánægju af að hreyfa sig reglulega.</li> <li>• Getur haft jákvæða upplifun af sundiðkun.</li> <li>• Tekur virkan þátt í kennslustundum.</li> <li>• Hefur bætt líkamshreysti sitt og þrek.</li> </ul>
Hreyfing og afkastageta:	<b>Nemandi við lok árgangs:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gerir æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol.</li> <li>• Getur gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.</li> <li>• Hefur sýnt framfarir í tækni og færni í hinum ýmsu sunaðferðum. Sundstig 10.</li> <li>• Getur haft jákvætt viðhorf gagnvart sundtímunum.</li> </ul>
Félgaslegir þættir og samvinna:	<b>Nemandi við lok árgangs:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur borið virðingu fyrir þörfum og mismunandi getu samnemenda og beitt sveigjanleika í samskiptum.</li> <li>• Fer eftir reglum og fyrirmælum.</li> <li>• Sýnir virðingu og góða framkomu.</li> <li>• Getur haft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsandann.</li> </ul>
Öryggi og skipulag:	<b>Nemandi við lok árgangs:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur brugðist rétt við óvæntum aðstæðum og leitað hjálpar.</li> <li>• Mætir í viðeigandi fatnaði í sundtíma.</li> <li>• Fer eftir reglum kennara og starfsfólks sundstaða.</li> <li>• Getur bjargað jafningja á björgunarsundi.</li> </ul>

### Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum. Tímafjöldi: Ein 40 mínútna kennslustund að jafnaði á viku yfir heilt skólaár.





**i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefnin í sundi eru:

Undirbúningur fyrir 10. sundstig.

- **Grunnþættir líkams- og hreyfiproska**
  - Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, liðleika, þoli, krafti, viðbragðs og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar
- **Bringusund**
  - Að nemandi nái tókum á legu, takti, rennsli, öndun, armtaki og fótataki.
  - Að nemandi geti synt bringusund í 20 mínútur (viðstöðulaust)
    - Lágmarksvegalengd 600m
  - Að nemandi geti synt 50 metra stílsund
  - Að nemandi geti synt 100 metra bringusund, tímataka.
- **Skólabaksund**
  - Að nemandi nái tókum á legu, takti, rennsli og samhæfingu í armtaki og fótataki.
- **Skriðsund**
  - Að nemandi nái tókum á legu, takti, rennsli öndun, armtaki og fótataki.
  - Að nemandi geti synt 50 m skriðsund, tímataka.
  - Að nemandi geti synt 50 m stílsund.
- **Baksund**
  - Að nemandi nái tókum á legu, takti, rennsli, armtaki og fótataki.
  - Að nemandi geti synt 50 m baksund, tímataka.
- **Flugsund**
  - Að nemandi nái tókum á legu, takti, rennsli, armtaki og fótataki.
  - Að nemandi geti synt 25 m flugsund, tímataka.
- **Kafsund, köfun og stungur**
  - Að nemandi þjálfist í kafsundi, köfun og stungum.
  - Að nemandi hafi náð góðum tókum á að stinga sér af bakka.
  - Að nemandi geti synt 12 metra kafsund, stílsund
- **Björgunarsund og leysitök**
  - Að nemandi þjálfist í þremur leysitökum: grip í fatnað framan frá; grip um háls aftan frá; grip um brjóst aftan frá.
  - Að nemandi geti bjargað dúkku af botni laugar.
  - Að nemandi geti synt með jafningja 25 metra.

**ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, kafhlið, gjarðir, dýnur, boltar.

**iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- **Kennsla fer fram í Suðurbæjarlaug**
- Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:



- Kennsluaðferðir
  - Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, þrautabrautir, hópvinna, samvinna, sköpun

#### **iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

##### **Námshæfni:**

- Hreyfing og afkastageta;
  - *Námsmat: 40% af vetrareinkunn*
    - 10. sundstig
- Félagslegir þættir og samvinna;
  - *Námsmat: 50% af vetrareinkunn*
    - Virkni í kennslustundum
    - Viðhorf og áhugi
- Öryggi og skipulag;
  - *Námsmat: 10% af vetrareinkunn*
    - Að fara eftir reglum á sundstöðum



## 2.7 Stærðfræði

## Viðmið um námshæfni í stærðfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í stærðfræði
Vinnubrögð, túlkun og beiting stærðfræðinnar	<p>Nemandi við lok árgangs:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Getur tjáð sig um stærðfræðilegt efni</li> <li>Getur notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar á skýran hátt</li> <li>Getur unnið sjálfstætt og skipulega og sett upp stærðfræðidæmi á greinagóðan hátt</li> <li>Getur sett fram, leyst og túlkað hversdagsleg viðfangsefni</li> </ul>
Talnareikningur	<p>Nemandi við lok árgangs:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Getur reiknað laun, skatta, skattstofn og skattþrep</li> <li>Getur reiknað með virðisaukaskatti</li> <li>Getur reiknað út vexti</li> <li>Getur reiknað út vaxtavexti</li> <li>Getur reiknað út virðisbreytingu</li> <li>Getur nýtt sér reglur um röð reikniaðgerða</li> <li>Getur nýtt sér reglur um námundun</li> <li>Getur reiknað með veldi</li> </ul>
Algebra – stæður og jöfnur	<p>Nemandi við lok árgangs:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Getur einfaldað stæðu</li> <li>Getur þáttað annars stigs stæður</li> <li>Getur nýtt sér samokaregluna og ferningsreglur við þáttun</li> <li>Getur leyst jöfnu í fleiri en einu skrefi</li> <li>Getur leyst annars stigs jöfnu</li> <li>Getur stýtt stæðu með almennum brotum</li> <li>Getur reiknað stæðu með almennum brotum</li> <li>Getur leyst jöfnu með almennum brotum</li> <li>Getur leyst línuleg jöfnuhneppi með innsetningaraðferð</li> <li>Getur leyst línuleg jöfnuhneppi með samlagningaraðferð</li> <li>Getur leyst línuleg jöfnuhneppi með teikningu</li> <li>Getur sett upp og leyst línuleg jöfnuhneppi</li> <li>Getur leyst fyrsta stigs ójöfnur</li> </ul>
Rúmfræði og sannanir	<p>Nemandi við lok árgangs:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Getur nýtt sér reglu Pýþagórasar í útreikningum í rétthyrndum þríhyrningum</li> <li>Getur reiknað út hliðarlengdir í sérstökum þríhyrningum</li> <li>Getur nýtt sér einslögungu í útreikningum</li> <li>Getur nýtt sér reglur um ferilhörn og miðjuhörn</li> <li>Getur nýtt sér helstu reglur í hornafræði s.s. grannhorn, víxlhorn, topphorn, úthorn og einslæg horn við samsíða línur</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur rökstutt niðurstöður sínar</li> <li>• Getur breytt úr einni mælieiningu í aðra í tengslum við lengd</li> <li>• Getur breytt úr einni mælieiningu í aðra í tengslum við flatarmál</li> <li>• Getur breytt úr einni mælieiningu í aðra í tengslum við rúmmál</li> <li>• Getur nýtt sér mælikvarða til að reikna út fjarlægðir</li> <li>• Getur fundið mælikvarða sem sýnir hlutfallið milli eftirmyndar og frummyndar</li> <li>• Getur áttað sig, út frá hlutföllum, hvort eftirmynd sé stækkun eða minnkun</li> </ul>
Tölfræði og líkur	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur lesið og útskýrt og túlkað gögn</li> <li>• Getur fundið meðaltal</li> <li>• Getur fundið miðgildi</li> <li>• Getur fundið tíðasta gildið</li> <li>• Getur fundið spönn</li> <li>• Getur flokkað gögn og fundið hlutfallstíðni</li> <li>• Getur búið til tíðnitöflu og myndrit</li> <li>• Getur nýtt sér tölvutækni við að rannsaka stærðfræðileg efni og stja fram niðurstöður</li> <li>• Getur framkvæmt tölfræðikönnun sem inniheldur töflur og myndrit sem sýna dreifingu og miðsækni ásamt rökstuðningi</li> <li>• Getur reiknað einfaldar líkur</li> <li>• Getur fundið líkur á andstæðum atburðum</li> <li>• Getur reiknað líkur á mörgum atburðum samtímis</li> <li>• Getur greint á milli dráttar með og án skila</li> </ul>

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku allt skólaárið

### ***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Vinnubrögð, túlkun og beiting stærðfræðinnar
- Talnareikningur
- Algebra
- Rúmfræði og sannanir
- Tölfræði og líkur

### ***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Skali 3A
- Skali 3B
- Skali 3A æfingahefi
- Skali 3B æfingahefti
- Almenn Stærðfræði III
- Vasareiknir



- Ipad
- Hringfari
- Reglustika

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Sýnikennsla
- Hópvinna
- Einstaklingsvinna
- Nemendakynningar
- Viðfangsefni tengd daglegu lífi
- Námsleikir og spil

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Þjálfun
- Tjáning
- Rökstuðningur
- Sjálfstæð vinnubrögð

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Námsmatið fer fram jafnt og þétt yfir árið og byggir á skriflegum kaflaprófum, ýmiskonar verkefnum s.s. kynningum og hópverkefnum og vinnusemi. Hverju viðfangsefni/námsþætti fylgja hæfniviðmið sem metin eru hverju sinni. Gefinn er bókstafur (A B+ B C+ C D) fyrir hvert viðfangsefni/námsþátt sem eru svo dregnir saman í einn bókstaf í lokamati.

Vægi námsþátta er eftirfarandi.

- 15% Vinnubrögð, túlkun og beiting stærðfræðinnar
- 25% Talnareikningur
- 15% Algebra – stæður
- 15% Algebra - jöfnur
- 20% Rúmfræði og sannanir
- 10% Tölfræði
- 10% Líkur



## 2.8 Upplýsinga- og tæknimennt

### Viðmið um námshæfni

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í upplýsinga- og tæknimennt
Upplýsinga- og tæknimennt	<p><i>Nemandi við lok árgangs:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur nýtt sér upplýsingaver til gagns og ánægju bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms</li> <li>• Getur nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.</li> <li>• Getur nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt auk forritunarverkefna.</li> <li>• Getur beitt réttri fingrasetningu</li> <li>• Getur náð 200 réttum slögum á mínútu</li> <li>• Getur unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá</li> <li>• Getur notað hugbúnað/forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.</li> <li>• Getur nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.</li> <li>• Getur nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda</li> <li>• Getur nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.</li> <li>• Getur nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar.</li> </ul>

### 2.8.1 Miðlamennt og skólasafnsfræði

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

#### ***i. Viðfangsefni í náminu***

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið með upplýsinga- og miðlalæsi, sem þverfaglegt námssvið auk einnar kennslustundar á viku. Unnin eru raunhæf verkefni sem samþættast sem flestum námsgreinum og námssviðum. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám

#### ***ii. Námsgögn og kennsluefni***

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Spjaldtölva 1:1
- Upplýsingaver
- Bókasafn
- Lyklaborð
- Google umhverfið – svítan

#### ***iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun***

- Áhersla er lögð á að nemendur axli ábyrgð á eigin námi, sýni sjálfstæði við alla vinnu og beiti gagnrýnni hugsun.
- Helstu kennsluáferðir eru sýnikennsla, umræður, hópverkefni,



- Verkefni eru ýmist ætluð fyrir einstaklingsvinnu eða hópvinnu.

**iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

- Nemendur halda til haga öllum verkefnum sem þeir vinna og þau eru síðan metin til einkunnar. Verkefnum er skilað rafrænt á Google Classroom eða útprentuðu
- Námsmatsverkefni skiptast í einstaklingsverkefni og hópverkefni

**Námsmat:** leiðsagnarmat yfir veturinn og lokamat að vori í því námsefni sem kennt er yfir veturinn. Einkunnir eru gefnar í bókstöfum eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.



### 3 Lokaorð

Skólanámskrá skólans, á grundvelli aðalnámskrár grunnskóla og viðmiða frá sveitarfélaginu á grunni faglegrar samvinnu í skólakerfi bæjarins, er lykilplagg í skólastarfi þeirra. Í því felst að skólanámskráin nái að lýsa þeim gæðum sem skólar (ætla að) standa fyrir. Það er von bæjaryfirvalda að skólanámskrá hvers skóla nái því að vera gæðahandbók sem stuðli að árangursríkri og ánægjulegri skólagöngu hvers barns í bænum. Við eigum ekki að sætta okkur við neitt minna og það er hlutverk alls skólasamfélagsins að vinna að því. Með ósk um að þessi bekkjarnámskrá, sem einn tíundi af skólanámskrá skólans, stuðli að slíku með samvinnu allra sem að námi nemenda koma.

